

## Fundargerð

**265. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs**  
Þriðjudaginn 26. febrúar 2019 kl. 12<sup>15</sup> – 13<sup>45</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Guðfinnur Johnsen (GJ)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)  
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Úrvinnslusjóður
- (3) Plastumbúðir
- (4) Olía
- (5) Ökutæki
- (6) Önnur mál

### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (264. fundar).

*Samþykkt*

### 2. Úrvinnslusjóður

GGP fór yfir að Gunnar Hall formaður Reikningsskilaráðs og Jóhann Rúnar Björgvinsson, ráðgjafi, mættu á síðasta stjórnarfund til að til að ræða við stjórn um lög um opinber fjármál og tekjur Úrvinnslusjóðs af úrvinnslugjaldi. GGP greindi frá samtali sem hann átti við Gunnar Hall í framhaldi af fundinum. Ekki er komin niðurstaða í málið sem er enn til umfjöllunar hjá Rskr.

ÓK fór yfir að í niðurstöðukafla endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar 2017 eru tilmæli um að bankareikningi Úrvinnslusjóðs í Landsbankanum verði lokað. Landbankinn hefur uppgötvað að reikningurinn er á kennitölu Spilliefnanefndar, forvera Úrvinnslusjóðs, sem er ekki lengur til. Bankinn óskar eftir fyrirmælum um hvernig eigi að ráðstafa innistæðu reikningsins sem er um 2,2 milljónir.

*Stjórn samþykkir að loka reikningi í Landsbanka á kennitölu Spilliefnanefndar og leggja andvirði inn á nýjan reikning á kennitölu Úrvinnslusjóðs í Landsbanka.*

GGP.  
BSB  
HÞH  
ÓK  
GS

Ósk frá ÓK að taka lið 4 og 5 á undan lið 3. *Samþykkt.*

#### 4. Olía

Í þjónustusamningi Úrvinnslusjóðs við olíufélögin um söfnun og ráðstöfun úrgangsolíu er í 7.gr. kveðið á um árlega uppfærslu endurgjalds fyrir söfnun og ráðstöfun skv. forsendum sem eru hluti af samningnum.

ÓK fór yfir meðfylgjandi tillögu að endurgjaldi fyrir árið 2019. Endurgjaldið skiptist í flutningslið 36,48 kr./kg og ráðstöfunarlið 19,49 kr./kg, samtals 55,98 kr./kg. Endurgjaldið lækkar um tæp 3% milli ára vegna herra söluverðs fyrir úrgangsolíu. Söluverðmæti úrgangsolíu er um 13% af heildarkostnaði við söfnun og ráðstöfun úrgangsolíu.

*Stjórn samþykkir nýtt endurgjald 55,98 kr/kg fyrir meðhöndlun olíufélaganna á úrgangsolíu frá og með 1. janúar 2019.*

#### 5. Ökutæki

Lagt var fram á fundinum bréf frá Bláskógarbyggð dagsettu 7.2.2019. Þar er farið þess á leit við stjórn Úrvinnslusjóðs að endurgjald fyrir meðhöndlun ökutækja verði endurskoðað. Endurgjaldið hefur verið óbreytt frá árinu 2003 eða 3.500 kr /á ökutæki.

Lagt var fram á fundinum minnisblað sem GS tók saman. Þar er gerð tillaga um að endurgjaldið hækki í 6.300 kr.

*Stjórn samþykkir að hækka endurgjald fyrir aftæmingu á vökvum í úrsérgengnum ökutækjum í 6.300 kr/á ökutæki frá með 1. apríl 2019.*

#### 3. Plastumbúðir

ÓK fór yfir stöðu mála við söfnun, flokkun og endurvinnslu blandaðra plastumbúða frá heimilum og hugmyndir á breytingum á skilmálum og endurgjaldi. Auknar kröfur er gerðar um rekjanleika auk þess sem magnmælingar á endurvinnslu eru að færast aftar í vinnslukeðjunni.

Úrvinnslusjóður er að kaupa endurvinnslu á plastumbúðum, en þarf einnig að greiða fyrir endurnýtingu. Breyta þarf skilmálum Úrvinnslusjóðs til að endurspegla betur þá þjónustu sem Úrvinnslusjóður vill kaupa af þjónustuaðilum. Tilkostnaður við meðhöndlun á plastumbúðum hefur hækkað verulega. ÓK fór yfir hugsanlegt módel að endurgreiðslu til þjónustuaðila. Eins var farið yfir rekstur flokka plastumbúða ásamt heyrulluplasti á árinu 2018.

Stjórnarmenn ræddu stöðuna. Rætt var um breytingar á markaði við meðhöndlun og endurvinnslu á plastumbúðum.

Lagt var fram á fundinum frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum (EES-reglur, burðarpokar).

#### 6. Önnur mál

Engin.

Næsti fundur ákveðinn 19. mars 2019.

Fundi slitið kl. 13.45

*Bractis Gunnlaugsd.*

*Ólafur  
Kona Ólafur  
Bunnar Bunnar  
& Jóhanna*

*Jóhanna E. Guðafssa  
Hilja*